

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 53/2005

frá 29. apríl 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/120/EB frá 5. desember 2003 um breytingu á tilskipun 90/496/EBE um merkingu næringarinnihalds matvæla ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 53. lið (tilskipun ráðsins 90/496/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32003 L 0120:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/120/EB frá 5. desember 2003 (Stjtið. ESB L 333, 20.12.2003, bls. 51).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/120/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. apríl 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 333, 20.12.2003, bls. 51.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 29. apríl 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.